

# Ríki, þjóð og tunga: Um íslenska málstefnu, markmið hennar og gildismat

Birgir Hermannsson, stjórn málafræðingur

## Útdráttur

Tilgangur greinarinnar er að greina þau markmið og það gildismat sem liggur að baki íslenskrí málstefnu. Í þeim tilgangi er málstefnan bæði greind sögulega og frá sjónarhóli stjórn málaheimspeki, einkum rökraðum um tengsl ríkisvalds og menningar og spurningum um réttláta eða normatíva málstefnu. Markmið greinarinnar er að setja íslenska málstefnu í nýtt samhengi og greina hana frá öðrum sjónarhóli en gert hefur verið til þessa. Hefðbundin íslensk málstefna byggist annars vegar á verndun tungunnar og hins vegar á að aðlaga málið breyttum tímum til að tryggja notagildi þess. Þessi stefna er grundvölluð á hreintungustefnu og menningarlegri þjóðernishyggju og ídulega notuð til að verja sjálfstætt þjóðríki. Nýrri málstefna leggur áherslu á íslensku á öllum sviðum samfélagsins og að tryggja umdæmi hennar í samkeppni við önnur tungumál. Þessar nýju áherslur eru til komnar vegna þess hve enska hefur aukist að vægi í íslensku samfélagi og á alþjóðavettvangi. Málstefnu má verja á grundvelli samskipta (þ.e. annarra markmiða en tungumálsins sjálfs) eða sjálfsmýndar (einstaklings og/eða þjóðar), en á Íslandi hefur vægi tungunnar sem gildis í sjálfu sér og hluta af menningararfi þjóðarinnar og heimsins vegið þungt til að rökstyðja málstefnuna. Í íslenskrí málstefnu er innbyggð togstreita á milli sjónarmiða sem leggja áherslu á frjálsræði og fjölbreytni og þeirra sem leggja áherslu á nauðsynlega vernd tungunnar til að viðhalda íslensku málsamfélagi.

**Lykilorð:** Málstefna; þjóðernishyggja; menning; menningararfur; réttlát málstefna.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 22, Issue 1 (1-26)

2026 Contact: Birgir Hermannsson, birgirh@hi.is

Article first published online June 22<sup>nd</sup> 2026 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 1. tbl. 22. árg. 2026 (1-26 Fræðigreinar)

2026 Tengiliður: Birgir Hermannsson, birgirh@hi.is

Vefbirting 22. júní 2026 – Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2026.22.1.1>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 4.0 License.

## State, Nation and Language. On Icelandic Language Policy, Its Objectives and Values

### Abstract

The purpose of this article is to analyze the objectives and values behind Icelandic language policy. The article will therefore both discuss the language policy empirically and from the perspective of political philosophy, especially debates about the relationship between culture and the state and questions of normative or just language policy. The aim is to recontextualize Icelandic language policy and study it from a new perspective. Traditional Icelandic language policy was based on the preservation of the Icelandic language and to modernize the language from within to keep it in touch with modern conditions. This policy had its background in purism and cultural nationalism and was frequently defended as vital to Icelandic independence and national sovereignty. Recently the policy has shifted from this emphasis on historical continuity to the defense of the use of Icelandic in all spheres or domains, including science, university education, business, and the society more generally. This policy is defensive and mostly a response to the increasing dominance of English. Language policy is usually defended by giving instrumental reasons or identity reasons, but in Iceland the intrinsic value of the language and cultural heritage has been very important as well. By viewing the Icelandic language as cultural heritage both vital for Icelanders and humanity more generally, the emphasis on preservation and cultivation becomes paramount. This language policy has an inbuilt tension between emphasis on freedom and diversity, and the need to preserve the Icelandic language and linguistic community.

**Keywords:** Language policy; nationalism; culture; cultural heritage; just language policy.

### Inngangur<sup>1</sup>

Íslensk tunga, staða hennar og framtíð, hefur löngum verið Íslendingum hugleikin. Með aukinni hnattvæðingu og tæknibreytingum hafa stjórnvöld í auknum mæli talið nauðsynlegt að móta skýra málstefnu. Við upphaf nýrrar aldar taldi Kristján Árnason (2001), formaður Íslenskrar málnefndar, hugsanlegt að málstýring „í viðum skilningi“ yrði eitt af mikilvægustu viðfangsefnum íslenskra stjórn mála á næstu áratugum. Þessi spádómur hefur að mörgu leyti ræst, líkt og formlæg stefnumótun og aðgerðaráætlanir bera vitni um.

Tilgangur greinarinnar er að draga fram og meta þau markmið og það gildismat sem íslensk málstýring hvílir á. Slíkt gildismat er pólitískt, umdeilanlegt og oft umdeilt. Á Íslandi hefur málstefnan, með fáum undantekningum, fyrst og fremst verið viðfangsefni málvísindanna. Málstefna hefur vissulega fræðilegar eða málvísindalegar undirstöður en drifkraftur hennar er samt sem áður pólitísk sjónarmið og gildismat. Svo vitnað sé aftur

til Kristjáns Árnasonar (2018, 21): „Málstefna er pólitik og byggist því á hagsmunum og hugsjónum en ekki fræðilegum niðurstöðum.“ Málstefna er því verðugt viðfangsefni félagsvísinda á borð við stjórnmálafræði. Frá sjónarhóli stjórnmálafræðinnar má nálgast viðfangsefnið með fjölbreyttum hætti, en hér er ætlunin að fjalla um málstefnu frá sjónarhóli stjórnmálakenninga (e. political theory) og stjórnmálaheimspeki (e. political philosophy). Þessi málefni eru víða til umræðu, t.d. réttindi tungumálaminnihluta, tilvist fjölmenningar eða áhrif hnattvæðingar á tungumál. Akademísk stjórnmálaheimspeki er hér ekki undanskilin. Innan stjórnmálaheimspekinnar hefur á síðustu árum fæðst undirgrein sem fjallar um réttláta málstefnu (e. linguistic justice) (Alcalde 2015; De Schutter 2007; Patten & Kymlicka 2003), eða normatíva málstefnu (e. normative language policy) (Oakes & Paled 2018; Winestock 2014). Einkum er brýnt að ræða málstefnu á þessum forsendum ef fleiri en eitt tungumál eru til staðar með tilheyrandi deilum, t.d. innan sama ríkisins, en sömu röksemdir koma einnig við sögu þegar málstefna er rædd og metin á öðrum forsendum. Á síðustu árum hefur sterk staða enskunnar gagnvart minni tungumálum skapað ný og áleitin viðfangsefni. Þó að íslenska sé þjóðtunga er staða hennar gagnvart ensku veik og því hefur íslenska – og umræðan um stöðu hennar – mörg einkenni tungumáls minnihluta. Í greininni er fléttað saman umræðu um íslenska málstefnu og kenningum stjórnmálaheimspekings, fyrst og fremst í þeim tilgangi að draga betur fram einkenni málstefnunnar og gildismatið að baki henni. Áherslan er því á markmið stefnunnar og réttlætningar eða rök fyrir henni, fremur en framkvæmd. Markmiðið er að setja fræðilega umfjöllun um íslenska málstefnu í nýtt samhengi og tengja hana við alþjóðlega stjórnmálafræðilega umfjöllun um svipuð efni.<sup>2</sup> Þessi nálgun hefur þann augljósa kost að ryðja brautina fyrir nýja nálgun á viðfangsefnið en hefur þann ókost að takmarka nokkuð umfjöllun greinarinnar um málstefnuna annars vegar og kenningarnar hins vegar. Það eru því ýmsar hliðar eða fletir á íslenskri málstýringu – og málpólitík almennt – sem verðskulda ýtarlegri umfjöllun og að sama skapi gefst ekki tækifæri til ýtarlegrar og gagnrýnnar umfjöllunar um þær kenningar sem fjallað er um. Markmiðið er því öðrum þræði kortlagning þeirra álitamála sem upp koma við mótun íslenskrar málstefnu, en samkvæmt Winestock (2014) einkennist málstefna almennt af þeim ólíku og oft ósamrýmanlegu hagsmunum og gildismati sem að baki liggja. Hér má nefna togsteitu á milli annars vegar hagsmuna og vilja einstaklinga til að nota tungumálið (eða tungumálin eftir aðstæðum) í samræmi við eigin óskir og hins vegar stefnu ríkisvaldsins um æskilega málnotkun. Í íslensku samhengi getur áhersla á verndun menningararfs (og tungunnar sem hluta af honum) stangast á við áherslu á frelsi eða sjálfraði einstaklinganna.

Greininni er skipt í fjóra kafla. Í fyrsta kafla er fjallað um hugtök á borð við málstýringu og málstefnu auk þess sem fjallað er stuttlega um sjónarhorn stjórnmálaheimspekinnar. Í öðrum kafla er fjallað um hefðbundna íslenska málstefnu, eða klassíska málstefnu eins og ég kys að kalla hana og í þriðja kafla er fjallað um málstefnu á 21. öld, en stjórnvöld hafa mótað formlegri stefnu en áður. Í báðum köflum er íslensk umræða síðan sett í samhengi við umræðu innan stjórnmálaheimspeki samtímans. Að lokum eru niðurstöður.

## 1. Málpólitík, málstýring, málstefna

Tengsl tungumáls og ríkisvalds eru eitt mikilvægasta viðfangsefni stjórn mála víða um lönd síðustu tveggja alda hið minnsta. Tungumál eru nátengd hugmyndum um þjóðerni og koma því með ólíkum hætti við sögu við myndun ríkjakerfis heimsins. Ólíkt ríkisvaldi fyrri tíma stjórnar nútíma ríkisvald sínu landsvæði með beinum og milliliðalausum hætti; málpólitík af einhverju tagi er því óhjákvæmilegur fylgifiskur þess (Birgir Hermannsson 2020). Stundum er sagt að tungumál sé mállýska með landher og flota til að undirstrika pólitíska flokkun og skilgreiningu tungumála.<sup>3</sup> Heimsvaldastefna og tungumál eru nátengd (e. linguistic imperialism) og útskýrir það að hluta útbreiðslu svokallaðra heimsmála og slæma stöðu eða dauða fjölmargra tungumála (Philipsson 1992, 2013). Ríkjakerfi heimsins og tungumál eru því samofin með ýmsu móti, en oft eru þessi tengsl mótuð af átökum, byltingum og styrjöldum. Í ljósi þessa eru tengsl íslenskrar tungu og íslenska ríkisins ekki flókin. Tungumálið olli ekki klofningi innanlands en markaði skýran aðskilnað gagnvart öðrum.

### 1.1 Málstýring

Málstýring (e. language planning) sem sérstök fræðigrein eða undirgrein málvísinda varð til sem viðbragð við þeim vanda sem ný ríki – fyrrum nýlendur – stóðu frammi fyrir eftir síðari heimsstyrjöld (Heller 2018; Jernudd & Nekvapil 2012; Ricento 2000, 2006; Tollefson & Perez-Milans 2018). Viðfangefnið er þó eldra, Franska akademían var stofnuð 1634 og málpólitík var mikilvægur hluti af myndun þjóðríkja Evrópu (Wright 2016). Sjálft hugtakið, málstýring eða *language planning*, hefur yfirbragð skynsemishyggju, athafna og bjartsýni; hægt er að móta tugumál ríkja eða stýra innbyrðis samlífi þeirra ef fleiri en eitt eru í boði. Hugmyndin um gerandann eða stjórnandann voru sérfræðingar á vegum stjórnvalda. Líkönin sem hin nýja fræðigrein vann eftir byggðust gjarnan á rannsóknnum á nútímavæðingu Vesturlanda. Hér má nefna áhrifamikla kenningu Einars Haugen (1906–1994) um fjögur þrep í stöðlunarferli þjóðtungna, allt frá vali á málviðmiði eða normi, til málstöðlunar, viðtöku í samfélaginu og málrækt í þróuðu nútíma samfélagi (Ari Páll Kristinsson 2019; Johnson 2013, 28). Kenningar Haugens og fleiri gera greinarmun á annars vegar formstýringu (e. corpus planning), t.d. málkerfi og orðaförða, og hins vegar stöðustýringu (e. status planning), t.d. útbreiðslu í samfélaginu og tengsl við önnur tungumál (Ari Páll Kristinsson 2017, 73–80). Á síðustu áratugum hefur námsstýring (e. acquisition planning), t.d. kennsla tungumála í skólum og samfélaginu almennt, fengið aukna athygli (Johnson 2013, 33). Segja má að íslensk málstýring hafi allt fram að lokum tuttugustu aldar einkennst af áherslu á formstýringu, en stöðustýring og námsstýring hafi á síðustu árum fengið meiri athygli.

Þegar ljóst var – á áttunda áratug liðinnar aldar – að nútímavæðing nýrra ríkja var flóknari en einföld líkön um nútímavæðingu gerðu ráð fyrir tóku ný sjónarhorn um málstýringu að ryðja sér til rúms. Aukinn vitund um takmarkanir hennar eða getu til breytinga og möguleg neikvæð áhrif málstýringar, m.a. í að viðhalda og jafnvel skapa félagslegan og pólitískan ójöfnuð, leiddu til aukinnar umræðu um tengsl valds, hugmyndafræði og málstýringar (Oakes & Paled 2018). Þetta átti ekki aðeins við um ný ríki,

gagnrýnin umræða um málpolitík eldri þjóðríkja jókst að sama skapi. Þessa þróun má sjá í notkun hugtaka. Í stað þess að tala um stýringu eða *planning* er nú yfirleitt talað um stefnu eða *policy* þó að orðin málstýring og stefna séu oft notuð sem sameiginlegt heiti á fræðigreininni (Language Planning and Policy – LPP).

Það er vel þekkt að hugtök á borð við opinbera stefnu (e. public policy) eða stefnu-mótun (e. policy making) er erfitt að skilgreina svo almenn samstaða fræðasamfélagsins náist (Cairney 2020). Sama má segja um hugtakið málstefnu. Johnson (2013, 9) skilgreinir málstefnu sem tæki (e. policy mechanism) til að hafa áhrif á form, virkni, notkun eða nám á tungumáli. Málstefna er bæði opinber og óformleg og sett fram í ólíku samhengi víða í samfélaginu. Þessi skilgreining er víð en leggur áherslu á meðvitaða viðleitni til að hafa áhrif á tungumálið, stjórna þróun þess og notkun. Forsenda málstefnu er því að nokkru leyti að til staðar sé vandamál eða ágreiningur sem þurfi að leysa og jafnframt að ólíkir valkostir séu til staðar. Viðfangsefni málstefnu hefur mörg einkenni þess sem fræðimenn kalla „illvigt vandamál“ (e. wicked problem), ekki síst að ekki er alltaf samstaða um það „vandamál“ sem á að leysa og stefnuna þarf að endurskoða eða endurskilgreina með reglulegu millibili (Oakes & Paled 2018, 141). Nokkru þrengri skilgreiningu á málstefnu er að finna hjá Weinstock (2014, 318). Hann skilgreinir málstefnu sem aðgerðir, þvingandi eða í formi hvata, sem ríki nota til að breyta eða viðhalda málnotkun einstaklinga til samræmis við ákjósanleg gildi eða markmið. Skilgreiningin er ríkismiðuð, áherslan er á fjölbreytt og mögulega andstæð markmið og gildi, en einnig á það hvers konar ríki eigi í hlut og hvaða leiðir því sé stætt að nota til að ná markmiðum sínum. Þess vegna dugar ekki að ræða málstefnuna sem slíka, heldur þarf að gera það í samhengi við ólíkar hugmyndir um tengsl ríkisvalds og borgara.

Á Íslandi er formlega eða ritaða málstefnu að finna hjá aðilum á borð við ríkið (lög og þingsályktanir), stjórnarráðið (Stjórnarráð Íslands 2012), Háskóla Íslands (Háskóli Íslands 2016, 2023) og hjá sveitarstjórnnum (sbr. sveitarstjórnarlög nr. 138, 2011, gr. 30; fæstar sveitarstjórnir sinna þó verkefninu, sbr. Sigríður Sigurðardóttir, Ágústa Þorbergsdóttir & Anna Vilborg Einarsdóttir 2022). Samkvæmt Johnson (2013) er mikilvægt er að gera greinarmun á þeim sem hafa formleg yfirráð (e. authority) til að móta stefnu og taka ákvarðanir fyrir samfélagið allt og hinum sem eru bundnir af ákvörðunum yfirvalda. Það er áhugavert við íslenska málstefnu að hún var lengst af ekki mótuð af yfirvöldum með slík formleg yfirráð, heldur einstaklingum sem í krafti stöðu sinnar, þekkingar og ráðandi hugmyndafræði um íslenskt mál og þjóðerni mótuðu stefnuna (Ari Páll Kristinsson 2012). Þetta segir okkur bæði að ágreiningur um stefnuna var ekki mikill og að íslenskt ríkisvald var ómótað og ekki í stakk búið til að setja á fót sérstakar stofnanir til að sinna verkefninu.

Innan málvísinda er tilhneiging til að skilgreina málstefnu með víðum hætti. Ástæðan er ekki síst sú að þróun tungumála er háð mörgum breytum sem ríkisvaldið hefur takmarkaða stjórn á og þeir gerendur sem hafa áhrif eru fjölbreyttari en ríkismiðuð málstefna getur gert grein fyrir. Kenningarrámmi Bernhards Spolsky (1932–2022) er ágætt dæmi um þetta en sjónarhorn hans byggist á þremur stöðum (Ari Páll Kristinsson 2019, 2021; Spolsky 2004, 2009, 2021). Í fyrsta lagi á málhegðun (e. language practices), í öðru lagi á málviðhorfum eða hugmyndafræði (e. language beliefs/ideologies) og í þriðja lagi

á málstjórnun (e. language management). Stoðirnar eða samspil þeirra mynda í sameiningu málstefnu samfélags. Stjórnun eða *management* er pólitísk með öðrum hætti en stýring eða *planning*, enda efast Spolsky stórlega um möguleika hefðbundinnar málstýringar til að ná árangri; hún misheppnast oft en heppnast að hans mati (Spolsky 2021, 189). Stjórnendur (e. managers) eru þeir sem hafa vald til stefnumótunar og ákvarðanatöku á ólíkum sviðum (e. domain) málnotkunar. Málstjórnun og málstefnu má finna á ólíkum sviðum allt frá einstaklingi (Spolsky 2019) og fjölskyldu upp í alþjóðlegar stofnanir á borð við Evrópusambandið. Frá sjónarmiði málvísinda er nálgun Spolsky á málstefnu gagnleg, enda hefur hún verið notuð til rannsókna á íslenskri málstefnu (Albury 2016; Ari Páll Kristinsson 2019). Frá sjónarhóli stjórnmálafræði og stjórnmálaheimspeki (t.d. Weinstock 2014) er þó mikilvægt að áréttta muninn á málstefnu sem byggist á formlegum yfirráðum ríkisins og stefnu sem gerir það ekki.

## 1.2 Tungumál og ríkisvald

Hvers konar verðmæti eða gæði eru tungumál? Algengustu svörin leggja ýmist áherslu á nytsemi tungumála, tengsl þeirra við sjálfsmynd einstaklinga og hópa, og (oft tengt við sjálfsmyndina) tungumál sem hluta af sérstakri menningararfleið. Á þessum grundvelli geta tungumál orðið pólitískt viðfangsefni og deilumál. Við getum einnig spurt hvaða markmið eðlilegt eða réttlæt看legt sé að ríkisvaldið setji með málstefnu sinni og hvaða leiðir séu eðlilegar eða réttlæt看legar til að ná þeim. Hér er viðfangsefnið ekki aðeins tungumálið sem slíkt, heldur tengsl ríkisvalds og borgara. Síðustu ár hafa líflegar umræður átt sér stað meðal stjórnmálaheimspekinga um málstefnu. Þessi fræði, oft kennd við réttláta málstefnu, spruttu upp úr deilum frjálslyndrar einstaklingshyggju (e. liberal individualism/egalitarianism) og menningarlegrar félagshyggju (e. communitarianism) eftir 1980 og síðar umræðu um fjölmenningu (e. multiculturalism) eftir 1990. Meðal viðfangsefna má nefna viðurkenningu (e. recognition) og reisn (e. dignity), ekki síst varðandi tengsl tungumála við sjálfsmynd og menningu. Ójöfn staða tungumála í heiminum er einnig mikilvægt viðfangsefni, ekki síst vegna sterkrar stöðu enskunnar á ólíkum sviðum samfélagsins. Innan vestrænnar stjórnmálaheimspeki eru frjálslyndar kenningar (e. liberal theory) áhrifamestar, en í þeim er innbyggð einstaklingshyggja og grunnhugtök á borð við frelsi og sjálfræði einstaklingsins sem falla ekki alltaf vel að félagslegu eðli menningar og tungumála.

Frá sjónarmiði frjálslyndra kenninga er ekki óeðlilegt að spyrja hvort ríkisvaldið eigi eða þurfi að setja fram sérstaka málstefnu. Ef gengið er út frá jafnræði borgaranna má ætla að sjálfráða einstaklingar ákveði sjálfir hvaða tungumál (eitt eða fleiri) þeir nota og hvernig þeir nota það. Tungumál er einfaldlega spurning um samkomulag einstaklinga og ef slíkt samkomulag er ekki til staðar getur ríkið nálgast slíkan ágreining með svipuðum hætti og það nálgast ólík trúarbrögð. Þegar nútíma ríki urðu til réð handhafi fullveldisins trúarbrögðum ríkisins, ekki síst til að tryggja frið. Trúarbrögð hafa nú á dögum víða misst pólitískt mikilvægi sitt og færst yfir á svið einkalífs. Samkvæmt frjálslyndum á ríkisvaldið að vera hlutlaust (e. neutral), óhlutdrægt (e. impartial) eða sýna að minnsta kosti sanngirni (e. even-handedness) gagnvart ólíkum trúarbrögðum. Álykta má að sömu

sjónarmið eigi við um ólíkt gildismat og menningu; sjálfráða einstaklingar velja sína leið í lífinu án þess að ríkisvaldið segi þeim að eitt sé satt eða betra en annað í þessum efnum (Barry 2001; Kelly 2005). Kenningar af þessum toga eiga í sérstökum vanda með tungumálið. Ólíkt trúarbrögðum hafa tungumál ekki misst pólitískt vægi sitt, ríkisvald og tungumál eru nátengd nú sem fyrr (Brubaker 2013; Patten 2001). Íslenska ríkið getur þannig ekki verið hlutlaust um íslenska tungu af þeirri ástæðu einni að það notar hana í löggjöf og öllu starfi sínu. Af þessu leiðir þó ekki að íslenska ríkið og málstefna þess sé að öllu leyti undanþegin þeim mælikvörðum sem hlutleysishugmyndin setur sér um starf og stefnu ríkisins, enda eru jafnræði og sjálfræði einstaklinganna mikilvæg gildi í frjálslyndum lýðræðissamfélögum (sbr. Patten 2003, 2012, 2014; Weinstock 2014). Hér er ekki aðeins spurning um afleiðingar þess að ríkið verður að nota tungumál, heldur einnig – og kannski miklu fremur – um þær röksemdir sem ríkið gefur fyrir málstefnu sinni.<sup>4</sup> Hér er bæði spurning um innbyrðis samlífi tungumála (t.d. íslensku og ensku), en einnig stöðlun tungumála og spurningar um æskilegt og gott tungumál (Oakes & Paled 2018).

Ef ríkið – af nauðsyn – hyglar ákveðnu tungumáli kerfisbundið vakna þær spurningar hvort önnur tungumál (ef til staðar eru) eigi rétt á ákveðnum stuðningi. Slíkan stuðning má réttlæta á grundvelli hefðbundinna frjálslyndra gilda á borð við jafnrétti og sjálfræði (Patten 2014), en einnig með vísun til sjálfsmyndar og menningar (Kymlicka 1991, 1995), en slíkar áherslur fela oft í sér togstreitu milli einstaklingsréttinda og réttinda hópa skilgreinda út frá menningu. Við fyrstu sýn virðast þessar rökræður ekki eiga við um íslenskar aðstæður, enda ekki hefðbundin minnihlutamála til staðar á Íslandi, en við nánari íhugun er svo ekki. Í fyrsta lagi þá er oft gagnlegt að setja hvort heldur fræðilegar rökræður eða raundæmi á borð við íslenska málstefnu í nýtt samhengi og ræða það á þeim forsendum. Í öðru lagi eiga ólíkar röksemdir um tengsl tungumáls/menningar og stjórn mála/ríkisvalds fullt erindi í umfjöllun um íslenska málstefnu. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar áhersla íslenskrar málstefnu á vernd tungunnar er til umræðu. Verndarhyggja íslenskrar málstefnu leiðir okkur að dýpri vanda hlutleysiskenningarinnar. Í fyrsta lagi er íslenska ekki mál íslenska ríkisins fyrst og fremst vegna þess að það þarf að „tala eitt-hvert tungumál“, heldur tengist það hugmyndum um þjóðerni og fullveldi. Málstefnan verður þannig samofin pólitískum stofunum og samfélagsgerð. Og í öðru lagi fylgir málstefnu ákveðið gildismat eða gildisdómar, oft innbyggt eða sett fram með beinum hætti, t.d. um að ákveðið tungumál eða málnotkun sé betri eða æskilegri en önnur (t.d. að dönskuskotin íslenska sé slæm). Spurningin er því sú hvaða rök eða markmið eru innbyggð í málstefnuna og á hvaða gildismati hún byggist; hvaða hugmyndir um gott líf og gott samfélag koma þar fram og hvaða verðmæti á að vernda eða rækta. Á ríkisvaldið með málstefnu sinni að gera upp á milli ólíkra hugmynda af þessu tagi? Er það æskilegt eða mögulega óhjákvæmilegt?

## 2. Þjóðmenning og tunga

### 2.1 Klassísk málstefna

Stutt er síðan málstefna varð viðfangsefni formlegrar stefnumótunar yfirvalda á Íslandi. Þetta segir þó fátt um hvort málstefna hafi verið til staðar. Baldur Jónsson (2002, 427–

228), taldi íslenska málstefnu „vera óskráð lög í landinu“ sem „allir væru einhuga um“. Málstefnu af því tagi er freistandi að kalla dulda eða óopinbera („óskráða“) til samanturðar við þá sýnilegu eða opinberu málstefnu sem birtist t.d. í sérstökum samþykktum eða löggjöf (sbr. Ari Páll Kristinsson 2017, 77). Án þess að dregið sé úr mikilvægi dulinnar málstefnu á Íslandi er réttara að kenna hin „óskráðu lög“ Baldurs við pólitíska hreyfingu, hugmyndafræði eða ráðandi orðræðu, enda stefnan sett fram með skýrum hætti í ræðu og riti. Við getum einnig kallað þetta klassíska málstefnu til aðgreiningar frá nýrri áherslum. Þessi stefna byggist á tveimur stólpum: Annars vegar verndun tungunnar í þeim tilgangi að tryggja að ritmál dagsins í dag og komandi kynslóða sé í aðalatriðum hið sama og íslenska fyrri kynslóða Íslendinga. Hins vegar að aðlaga málið breyttum tímum, m.a. með nýyrðasmíði og iðordum, til að tryggja notagildi þess. Hér fara því saman verndun og nýjungar, íhaldssemi og sköpun. Helgi Hálfðanarson (1985, 100) orðaði þessa hugsun svo að Íslendingum sé „nauðsyn að mál vort breytist sem allra minnst, að íslensk tunga eigi *ekki* að laga sig að breyttum tímum með því að *breytast*, heldur með því einu að *vaxa* ...“ (leturbreyting upprunaleg).

Fátt bendir til þess að val á máliðsmíði eða málafræðingum, né heldur stöðlun þess í nútíma íslensku, hafi valdið sérstökum deilum (Kristján Árnason 2002, 2018). Stöðlun fylgja hugmyndir um rétt mál og rangt, gott og miður gott. Kennivald „málstýrenda“ byggðist á stöðu þeirra (t.d. við Háskóla Íslands), hugmyndafræði (hreintungustefna og menningarleg þjóðernishyggi) og pólitískum markmiðum (sjálfstætt þjóðríki). Umræða um „rétt mál“, leiðréttingar og kennivald málfræðinga er líklega hugmynd þorra almennings um málstefnu. Gagnrýnin umræða um málstaðalinn og þá málpólitík sem honum fylgir á sér reglulega stað (Eiríkur Rögnvaldsson 2022; Gísli Pálsson 1979; Hallfríður Þórarinsdóttir 2007, 2010). Umræða af þessum toga er gjarnan í anda alþjóðlegrar og gagnrýnnar umræðu um málstýringu, ekki síst það hlutverk málstefnu að viðhalda og styrkja valdatengsl í samfélaginu. „Málið er öflugt valdataeki sem beita ber af varúð,“ segir í Íslenskri málstefnu 2021–2030 (Íslensk málnefnd 2021b), en viðhorf af þessum toga voru fjarlæg klassískri málstefnu. Nýleg umræða um kynhlutleysi tungumálsins er að hluta pólitískar deilur um tiltekna stöðlun tungumálsins. (Fréttablaðið.is 2023; Njörður P. Njarðvík 2023; Ólína Þorvarðardóttir 2023; Þorbjörg Þorvaldsdóttir 2022 ).

Hugmyndir klassískrar málstefnu eiga sér bakhjarl í hreintungustefnu og menningarlegri þjóðernishyggi. Hreintungustefnan (e. purism) á sér rætur í húnáhrifum endurreisnartímans þó að sjónarmið í þessum anda megi jafnvel rekja allt aftur til 12. aldar (Kjartan G. Óttósson 1990; Kristjana Vígdís Ingvaldsdóttir 2021; Kristján Árnason 2018). Hreintungustefnunni fylgdi virðing fyrir forn málinu og viðleitni til að halda tungunni hreinni og upprunalegri. Því var nauðsynlegt að vinna gegn erlendum áhrifum og koma í veg fyrir skaðlegar breytingar. Hreintungustefnan á sér því langa sögu þó að áhrifin væru mest á 19. og 20. öld. Miklu máli skipti að markmið hreintungustefnunnar félli í pólitísku tilliti að menningarlegri þjóðernishyggi (e. cultural nationalism) þó að hugmyndafræðilegur bakgrunnur þeirra væri ólíkur. Menningarleg þjóðernishyggi lagði áherslu á upprunalega og frumlega þjóðmenningu í anda Herders og rómantískra hugsuða (Birgir Hermannsson 2017; Guðmundur Hálfðanarson 2006; Hutchinson 2013; Sigríður

Matthíasdóttir 2004). Á Íslandi var þjóðveldið upphafið sem gullöld þjóðarinnar, þegar erlend áhrif og íhlutun voru lítil og þjóðarandinn óheftur og frumlegur. Óheftur þjóðarandi leiddi af sér bæði samfélagsgerð og bókmenntir sem mikilvægt væri fyrir nútímann að halda tengslum við. Tunga og bókmenntir runnu því saman í menningararf sem lítið var á sem kjarna íslensks þjóðernis og það sem tengdi núverandi kynslóð við fyrri kynslóðir Íslendinga allt aftur til landnáms. Hin menningarlega þjóðernishyggi fól því bæði í sér verndarhyggju og hugmyndir um endursköpun eða endurnýjun menningar.

Klassísk málstefna byggist á því að íslensk tunga og bókmenntaarfur séu mikilvæg verðmæti, bæði í sjálfu sér og fyrir íslenskt samfélag. Færa má rök fyrir verndarstefnunni með því að benda á að íslenska sé fornt ritmál og ólíkt tungum nágrannaþjóðanna hafi hún lítið breyst (Guðmundur Finnbogason 1933). Það er ekki langur vegur þar á milli, að telja íslenskuna „merkilega tungu“ og að telja hana „merkilegri“ en aðrar, t.d. móður-tungu eða upprunalega tungu Norðurlanda. Halldór Halldórsson (1971) taldi það hvorki betri né merkilegri tilviljun en hverja aðra að vera fæddur Íslendingur. „En þessi tilviljun leggur okkur skyldur á herðar og það þungar skyldur. Íslenzkan er merkilegt mál, sem allir þeir, er fást við rannsóknir á eðli og uppruna germanskra og jafnvel indógermanskra mála, verða að hafa hliðsjón af“ (sama heimild, 15). Tungumál eru félagsleg fyrirbæri að mati Halldórs. „Málið er engin einkaeign. Það er sameiginlegur fjársjóður, dýrmætur arfur, sem ekki er skylda fárra einstaklinga að gæta og geyma, heldur *allra* þeirra, er heyra til sama málsamfélagi“ (sama heimild, 12). Hin „þunga skylda“ er því sameiginleg öllum Íslendingum og hefur því áhrif á samfélagið allt, menntakerfi og ríkisvald. Helgi Hálfðanarson (1985, 101) telur með svipuðum hætti að „æðsta dyggð Íslendinga og veraldarhlutverk“ sé að varðveita „þetta merka bókmenntamál, svo eflast megi að sama skapi fjölbreytnin í mannlegri hugsun, mannlegri sköpun“. Hér fer saman, í anda menningarlegrar þjóðernishyggi, áhersla á vernd tungumáls og framlag þess til fjölbreyttrar hugsunar í heimi ólíkra tungumála.

Klassískri málstefnu fylgja gjarnan tengsl á milli verndar tungunnar, fagurfræði og siðferðis. „Málvöndun er siðferðilegs eðlis,“ fullyrti Halldór Halldórsson (1971, 20) og taldi það „siðferðilegt afbrot að vera hirðulaus um móðurmál sitt“. Guðmundur Finnbogason (1928) fjallaði um málið á sömu nótum. Hver „óspilltur Íslendingur“ – íslensk alþýða að mati Guðmundar – sér strax að erlendar slettur eru ekki hrein íslenska, heldur „hrognamál eða orðskrípi“ og ekki samboðin íslenskunni (sama heimild, 148). Engin ástæða er að umbera slettur „því það drepur niður heilbrigðri hugsun, smekk og vel-sæmi“ (sama heimild, 155).

Tryggð við menningararfinn myndar veigamikil rök þeirrar málstefnu sem byggist á verndun tungumálsins. Getan til að lesa Snorra Sturluson og Halldór Laxness, og allt þar á milli, er markmið í sjálfu sér. Menningararfurinn er viðurkenndur sem sérstök verðmæti eða gæði, en – líkt og orðalagið um skyldu og dyggð ber með sér – gerir kröfur til fólks. Tungan er þó ekki aðeins viðfang verndar með þessum hætti því að hún er mikilvægur þáttur í sjálfsmynd þjóðarinnar og þar með tengd hagsmunum einstaklinganna beint. Virðing fyrir tungunni og menningararfinum er jafnframt virðing fyrir þjóðerni og sjálfsmynd einstaklinga. Sigurður Nordal (1942, 32) vísaði til íslenskrar menningar sem

landvarnar þjóðarinnar og forsendu sjálfstæðis. Halldór Halldórsson (1971, 20) tekur undir þetta: „Íslensk tunga og íslensk menning eru þau atriði sem veita okkur siðferðilegan rétt til að vera sjálfstæð þjóð.“ Ármann Jakobsson (2022) tengir íslenskuna við fullveldið í nýlegri grein. Höfundur minnir á stríð sem skapi hættu í mörgum löndum Evrópu en eigi blessunarlega ekki við um Ísland.

Það merkir þó ekki að engar hættur steðji að fullveldi Íslands og mesta hættan felst í því að þrengt er að íslensku af ofurvaldi ensku en Íslendingar hafa verið deigir við að kenna nýjum íbúum íslensku þó að það sé mannekla á landinu eins og bent hefur verið á. Auðvitað tala nýir íbúar landsins ekki íslensku frá upphafi og ef ekki verður tekið á er hætt við að litlir hvatar verði til að þeir læri málið. Þar með er sjálfstæði Íslands auðvitað ógnað því að ef íslensk tunga og íslensk menning hverfur fækkar mjög rökunum fyrir því að þessi fámenna þjóð sé sjálfstæð. Hér fer því ótvírætt mesta ógn sem hefur stafað að sjálfstæði Íslands seinustu áratugi (sama heimild).

Í flestum nágrannaríkjum okkar færi umræða af þessum toga fram undir formerkjunum „aðlögun/sambætting innflytjenda“ eða „vandamál fjölmenningar“ en ekki sem sú ógn sem sjálfstæði eða fullveldi landsins stafar af fólki sem talar ekki þjóðtunguna. Með því að tengja saman íslenska tungu og fullveldið falla rök Ármanns á hinn bóginn að langri hefð á Íslandi. Ármann telur einnig að hverfi íslenskan þá verði íslenskir málhafar líkt og útlagar í heiminum og geta þeirra til að ramma inn hugsanir sínar og skilning á heiminum glatist. Íslenskan og viðhald hennar sé því ríkt hagsmunamál allra Íslendinga. Hér er þó spurningin ekki um hina samfelldu menningarsögu eða verndun tungunnar í hefðbundnum skilningi klassískrar málstefnu, heldur um það hvort íslenska verði yfirleitt töluð í landinu. Af þessum ástæðum er að mati Ármanns mikilvægt að hefja „nýja íslenska sjálfstæðisbaráttu“ með því að kenna innflytjendum íslensku.

## 2.2 Samskipti, sjálfsmynd og gildi tungumála

Þegar klassísk málstefna er skoðuð frá sjónarmiði þess gildismats eða markmiða sem réttlæta hana eru þrjú atriði mikilvægust. Í fyrsta lagi felast verðmæti í tungumálinu sem slíku og því ber að vernda það og rækta. Í öðru lagi tengist tungan sjálfsmynd þjóðarinnar, hvers konar þjóð Íslendingar eru eða vilja vera. Og í þriðja lagi sé íslenskan forsenda eða mikilvæg rök fyrir tilvist pólitískra stofnana á borð við fullvalda þjóðríki. Það er ekki sjálfsgefið hvernig beri að túlka og eftir atvikum meta þessa stefnu í ljósi sjónarmiða sem uppi eru í stjórnmálaheimspeki samtímans. Í rökræðum stjórnmálaheimspekinga um málstefnu eru tvö sjónarhorn áhrifamest: Annars vegar skóli sem við getum kallað samskiptarökin fyrir málstefnu og hins vegar skóli sem við getum kallað sjálfsmyndarrökin fyrir málstefnu (De Schutter 2007). Þriðji skólinn – og áhrifaminni – leggur áherslu á tungumál og menningu sem verðmæti í sjálfu sér og að málstefna verði að taka mið af því.

Samskiptarökin (e. instrumentalism) byggjast á því að tungumálið sé tæki til að ná markmiðum sem við teljum mikilvæg eða verðmæt (Robichaud & De Schutter 2012). Tungumálið er kerfi tákna og notað af einstaklingum til samskipta fyrst og fremst. Því gagnlegra sem tungumálið er þeim mun verðmætara er það frá sjónarhóli málhafanna. Algeng leið til að réttlæta málstefnu á þessum forsendum er að benda á mikilvægi þess að eitt tungumál sé sameiginlegt öllum landsmönnum. Ástæðan er ekki mikilvægi tungumálsins sem slíks, heldur önnur markmið sem nást (eða hafa betri möguleika á að nást) með þessum hætti, t.d. hagkvæmni, félagslegur hreyfanleiki, jöfn tækifæri, samstaða og lýðræði. Klassísk málstefna hafði stuðning af þeim rökum að íslenskan væri mikilvæg fyrir sjálfsmynd þjóðarinnar, samstöðu og sjálfstæði. Samkvæmt samskiptaskólanum má túlka þessi sjónarmið svo að Íslendingar hafi notað tunguna til að móta sjálfsmynd sína og teflt fram menningararfnum til að auka samstöðu og styrkja stöðu sína sem sjálfstæð þjóð. Frá sjónarhóli samskiptaskólans er álitamál hvaða hlutverki slík málstefna getur gegnt við breyttar sögulegar aðstæður, enda þurfi áhersla að færast frá tungunni sjálfri til annarra markmiða sem æskilegt er að ná. Breytingar á íslensku máli, hvort heldur vegna breyttra samfélagsháttá á borð við nýja tækni eða ákvarðana málhafanna sjálfra, er því vart verðugt viðfangsefni málstefnunnar nema afleiðingarnar séu neikvæðar fyrir önnur markmið á borð við félagslegan hreyfanleika eða vinnumarkað.

Tvær leiðir má fara til að tengja saman sjálfsmynd og tungumál. Sú fyrri (sjá nánar í kafla 3.3) tengir tungumálið við sjálfvirdingu (e. self respect) og reisn (e. dignity) þeirra einstaklinga sem tala tungumálið og samfélagsins í heild. Með því að nota tungumál annarra er tungumál þeirra viðurkennt og reisn þeirra einstaklinga sem tala það haldið á loft. Van Parijs (2011) byggir kenningu sína um réttláta málstefnu á jafnri reisn (e. equal dignity) og jafnri virðingu (e. parity of esteem). Ef sjálfsmynd samfélags er nátengd því tungumáli sem það talar er ljóst að um leið og annað tungumál er sett skör hærra af yfirvöldum er jafnri stöðu fólks stefnt í hættu. Sömu sögu má segja ef tiltekið tungumál missir stöðu sína í samfélaginu og fólk þarf að tala annað tungumál í starfi eða samskiptum. Þetta sjónarmið má rekja til húmanisma endurreisnartímans og er því af sömu rótum og hreintungustefnan. Virðing fyrir tungumálum er virðing fyrir sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þeirra sem tala það. Klassíska málstefnu má augljóslega tengja við þessar áherslur þó að áherslur úr ranni menningarlegrar þjóðernishyggi séu aðrar.

Síðari sjálfsmyndarrökin byggjast á þeirri forsendu að tungumálið móti eða sé hluti (e. constitutive) af sjálfsmynd einstaklingsins. Tungumálið og sú menning sem því fylgir er til staðar við fæðingu einstaklingsins og mótar það hver hann er, gildismat hans og sjóndeildarhring. Að mati Kymlicka (1991, 1995; De Schutter 2016; Newman 2007) fellst mikilvægi menningar og tungumáls í því að setja þá valkosti sem samfélagið býður upp á í samband við líf og gildismat einstaklingsins. Menning og tungumál eru því forsenda sjálfræðis eða frelsis. Við getum því lýst kenningu Kymlicka sem frjálslyndri menningarhyggi (e. liberal culturalism), þar sem reynt er að samræma áherslu á réttindi hópa (skilgreindir út frá menningu) og hefðbundnar áherslur frjálslyndisstefnunnar á frelsi og sjálfræði einstaklingsins. Forsenda málstefnunnar samkvæmt Kymlicka eiga því að vera hagsmunir grundvallaðir á sjálfsmyndinni fremur en aðrir ytri hagsmunir. Áherslan er því

á réttindi minnihluta – eða málsamfélaga almennt – til að nota sitt tungumál og virðing fyrir ólíkri menningu. Tungan hefur þó ekki gildi í sjálfu sér, gildi hennar fellst í því að veita einstaklingunum merkingarbæra og mikilvæga valkosti. Hér geta því stangast á sjálfraði einstaklingsins annars vegar og hins vegar vernd þeirrar menningar sem er forsenda þessa sama sjálfraðis. Með orðfæri stjórnmálaheimspekinnar leggur sjálfsmyndarskólinn áherslu á ytri vernd tungunnar, t.d. réttinn til að tala hana í fjölmálasamfélagi, en getur síður gert grein fyrir innri vernd hennar, t.d. sérstökum einkennum eða sögu. Það er því vafamál hvort sjálfsmyndarrök af þessu tagi styðji klassíska málstefnu. Einnig eru efasemdir um tengsl sjálfsmyndar og tungumáls í samtímanum. Í ályktun Íslenskrar málnefndar 2020 er fjallað um ímyndar- og viðhorfsvanda íslenskunnar og að íslenskt mál „virðist ekki jafn mikilvægur þáttur í sjálfsmynd Íslendinga og áður var“ (Íslensk málnefnd 2020). „Margt bendir til að sjálfsmynd Íslendinga snúist ekki lengur um íslenskt mál,“ segir Íslensk málnefnd (2021a) einnig.

Bæði sjálfmyndarskólinn og samskiptaskólinn taka mið af hagsmunum einstaklinga, enda eru réttindi bundin þeim. Báðir skólarnir geta átt í vandræðum með að samræma hagsmuni einstaklinga og veruleika tungumála. Þannig á sjálfsmyndarskólinn t.d. í nokkrum vanda með að gera grein fyrir málskiptum (e. language shift) (Robichaud & De Schutter 2012). Að sama skapi er hugmyndin um tungumál sem tæki ekki sannfærandi þegar hafðar eru í huga deilur um tungumál í fjölmálasamfélögum og djúp tengsl fólks við móðurmálið (Réaume 2003). Líkt og Weinstock (2014) bendir á geta einstaklingar upplifað togsteitu milli þess að líta á tunguna sem tæki (t.d. notkun ensku í atvinnu) og að líta á tunguna sem tengsl við sjálfsmynd og sögu (t.d. varðandi nám barna). Þessir ólíku hagsmunir og ákvarðanir einstaklinga setja ríkisvaldið í ákveðinn vanda, t.d. ef einsleitni er álitin forsenda verndar og tilvistar tungunnar til lengri tíma litið. Einnig má spyrja hvernig kenningaskólarnir fjalla um hvort tiltekið tungumál sé forsenda fullvalda ríkisvalds til að byrja með, eða áframhaldandi tilvistar fullvalda ríkisvalds sé það til staðar. Ef fullveldið er markmið eða verðmæti (til að stefna að eða viðhalda) þá er tungumálið samkvæmt samskiptaskólanum einungis leið að því markmiði. Sameiginlegt tungumál er því mikilvægt fremur en að áhersla á að tiltekið tungumál sé mikilvæg. Tengsl tungumáls, þjóðernis og þjóðríkja eru flóknari en svo að algildar kenningar sé hægt að setja fram um þau efni (Birgir Hermannsson 2020, 103–29; Guðmundur Hálfðanarson 2001, 16–42). Írland er ágætt dæmi um þetta. Óvíst er að rök Kymlicka (1991, 1995) um mikilvægi sjálfsmyndar gefi skýrari svör, enda byggist kenningin á valfrelsi einstaklinga. Ef Íslendingar ákveða sjálfir að hætta að tala íslensku er líklegt að sjálfsmynd þeirra breytist og verði nýr grundvöllur að fullvalda ríkisvaldi. Frá sjónarmiði klassískrar málstefnu eru þetta óviðunandi svör. Spurningin er ekki hvort íslenska verði til í framtíðinni ef fólk vill eða ákveður að velja hana sem sitt tungumál, heldur að móta einstaklinga sem í framtíðinni verða hluti af samfélagi sem lítur á sig sem íslenskumælandi (sbr. Taylor 1994, 58–59, um frönsku í Quebec). Klassísk málstefna gerir því ríkari kröfur um vernd tungunnar en frjálslynd menningarhyggja og hefur aðrar hugmyndir um tengsl einstaklings og menningar.

Bæði samskiptaskólinn og sjálfsmyndarskólinn geta illa gert grein fyrir fyrirbærum á

borð við klassíska málstefnu, enda leggur hún áherslu á gildi tungumálsins í sjálfu sér. Gera má greinarmun á því viðhorfi að tungumál hafi gildi í sjálfu sér (e. *intrinsic value*) og því viðhorfi að tungumál móti eða sé hluti (e. *constitutive*) af sjálfsmynd einstaklingsins. Þessi sjónarmið geta farið saman, eins og viðtekið er í íslenski orðræðu, en eru ekki nauðsynlega tengd. Klassísk málstefna leggur ekki aðeins áherslu á íslensku, heldur íslensku sem fornt ritmál aðlagð að nútímanum. Tengsl tungumáls og bókmennta mynda menningararf sem mikilvægt er að vernda og rækta. Íslensk tunga felur því ekki aðeins í sér einstök verðmæti heldur er hún einnig hluti af fjölbreyttri arfleifð mannkyns á sviði menningar og tungumála. Hér er margt sameiginlegt með hugmyndum um líffræðilegan fjölbreytileika og menningarlegan fjölbreytileika, hvort tveggja hefur gildi í sjálfu sér og því mikilvægt að vernda (sjá Crystal 2000; Musschenga 1998). Þegar menningararfur er settur upp sem „gildi í sjálfu sér“ felst í því skylda eða skuldbinding til að vernda hann. Tungumálið verður „hlutur“ eða „viðfang“ verndar og þar með stýringar og eftirlits, enda gæti arfurinn skemmst eða eyðilagst ella. „Tungan er í hættu,“ fullyrðir Halldór Halldórsson (1971, 18), hún „hefir alltaf verið í hættu og verður það vafalaust alla tíð“. Íslendingar – hver og einn og sem samfélag – hafa því samkvæmt þessu skyldu gagnvart íslenskunni, þeim ber að vernda hana „hennar vegna“. Með þessu er þó tungunni eða menningunni ekki gefin sama siðferðilega staða og manninum sem – líkt og Kant (2011) lagði áherslu á – er sjálfráða vera og þar með markmið í sjálfu sér. Þó að tungan og maðurinn séu ekki sambærileg þá má færa rök fyrir því að við höfum skyldur við tungu og menningu að svo miklu leyti sem þessi fyrirbæri auki lífsgæði, án þeirra væri lífið fátækara og fábreyttara.

Þau rök að Íslendingar hafi sérstökum skyldum að gegna gagnvart tungunni og fjölbreytileika tungumála hafa haft mikið aðdráttarafl á Íslandi. Spurningin er hvaða kröfur þetta sjónarhorn gerir til ríkisvaldsins annars vegar og einstaklinganna hins vegar. Ef slík vernd tungunnar er hluti af málmenningu samfélagsins, eins og ætla má að hafi verið raunin á Íslandi lengst af, er óvíst að einstaklingarnir upplifi þetta sem sérstaka kvöð. Fyrir einstaklinga er verndarskyldan þó mögulega nokkuð íþyngjandi, enda þurfa þeir að axla ábyrgð á menningararfinum í daglegu lífi sínu (sbr. Oakes & Paed 2018, 63). Samkvæmt samskiptaskólanum hefur vernd tungunnar kostnað sem ekki er sjálfgefið að einstaklingarnir vilji bera eða geti borið. Þegar litið er á tunguna sem verðmæti í sjálfu sér getur komið upp sú staða að hagsmunir einstaklinga og viðhald tungunnar fari ekki saman; jafnvel að tungan, frá sjónarhóli einstaklinganna, hafi eins konar réttindi sem notendum hennar beri að virða. Frá sjónarmiði frjálslyndra stjórnmála vaknar spurning um frelsi einstaklinganna til að breyta og endurmeta það tungumál sem þeir nota. Ef tunguna ber að vernda vegna þess að hún hafi gildi í sjálfu sér – þurfi að haldast „óbreytt“ – og geri heiminn ríkari og fjölbreyttari þá setur það frelsi einstaklingsins skorður (Blake 2003).

Frjálslynt ríkisvald, segir Kymlicka (1995, 125), var ekki aðeins sett á fót til að verja réttindi og möguleika einstaklinga, heldur að vernda þá sameiginlegu menningu (e. *societal culture*) sem fólk tilheyrir. Nútíma þjóðríki þurfa því að sameina réttindi og jöfnuð einstaklinga sem slíkra, tilvist þeirra sem borgara í afmörkuðum ríkjum og mikilvægi

sérstakrar menningar og tungumáls. Klassísk málstefna var öðrum þræði bundin við ákveðna sýn á íslenska menningu og menningararf, hvað fælist í íslensku þjóðerni og um hvað íslenska þjóðríkið var stofnað. Gildismat klassískrar málstefnu gerir því ákveðnar kröfur um að ríkisvaldið verndi og rækti tunguna með öllum ráðum, ekki síst í gegnum skólakerfi, öfluga menningarstefnu og almenna löggjöf. Klassísk málstefna sem opinber málstefna segir að ákveðið form tungumálsins sé betra en annað, að þróun tungunnar geti verið slæm eða góð og að söguleg samfella í ritmáli sé nauðsynleg til að tungan lifi til framtíðar. Því er óhætt að fullyrða að ríkisvald sem fylgi klassískri málstefnu sé ekki hlutlaust, óhlutdrægt eða sanngjarnt um ólíka menningu og gildismat.

### 3. Málstefna á 21. öld

Í lögum um Íslenska málnefnd nr. 2/1990 er ekki minnst á málstefnu. Í 1. gr. laganna segir: „Íslensk málnefnd hefur það meginhlutverk að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti.“ Efling tungunnar og varðveisla í anda klassískrar málstefnu eru hér sjálfgefin markmið. Í frumvarpi til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun (*Alþingistíðindi* 2005–2006, þskj. 363) er lagt til að mótun málstefnu og tilögur til ráðherra verði eitt af hlutverkum Íslenskrar málnefndar. Hvorki í lagatextanum sjálfum, greinargerð frumvarpsins eða nefndaráli meirihluta þingnefndarinnar sem fjallaði um málið er þó að finna nánari skýringu eða skilgreiningu á hugtakinu málstefna.

#### 3.1 Íslenska til alls

Í samræmi við lög nr. 40/2006 hóf Íslensk málnefnd vinnu við að móta málstefnu. Niðurstaðan varð ritið *Íslenska til alls* (Íslensk málnefnd 2008). Nefndin telur málstefnu „órjúfanlega tengda því að varðveita og efla tunguna“ (sama heimild, 7) og hallast að víðri skilgreiningu þar sem opinber stefna og ríkjandi málnotkun í sameiningu mynda málstefnu samfélagsins (sama heimild, 9). Þó er ljóst að tilgangur þeirrar stefnumótunar sem *Íslenska til alls* ber vitni um er að marka sýnilega stefnu stjórnvalda í málefnum íslenskunnar. Meginmarkmið nefndarinnar er „að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags“ (Íslensk málnefnd 2008, 7). Áherslan er á stöðu íslenskunnar innan samfélagsins, svokallaðan umdæmisvanda hennar eða mögulegan umdæmissi. Smæð íslensks málsamfélags er því ekki útgangspunktur stefnunnar, heldur notkunar-svið tungumálsins.

Þessi áherslubreyting var í samræmi við nýjar áherslur á Norðurlöndum (Íslensk málnefnd 2008, 13–14). Undanfari stefnunnar var einnig ályktun Íslenskrar málnefndar fyrir árið 2007, en aukið vægi ensku er viðfangsefni hennar. „Mörg íslensk fyrirtæki ráða til sín erlenda sérfræðinga sem ekki tala íslensku og því færast í vöxt að notuð sé enska í íslenskum fyrirtækjum á Íslandi [...] Færst hefur í vöxt að til verslunar- og þjónustustarfa ráðist erlent starfsfólk sem hefur takmarkað vald á íslensku eða jafnvel ekkert og notar því ensku sem samskiptamál enda þótt það hafi ensku ekki að móðurmáli“ (Íslensk málnefnd 2007). Undirbyggjandi samfélags- og tæknibreytingar – innflytjendur, ferðamenn, tölvutækni, fjölmiðlar, afþreying – hafa afleiðingar sem málstefna í anda „íslensku til alls“ þarf að takast á við.

Í 11 köflum auk inngangs og lokaorða leitast höfundar *Íslensku til alls* við að greina vandann á hinum ýmsu sviðum samfélagsins og gera tillögur til úrbóta. Þannig vill nefndin styrkja lagalega stöðu íslenskunnar (sama heimild, 19–22), auka íslenskukennslu í skólakerfinu (sama heimild, 23–32) og gera átak á sviði máltækni (sama heimild, 50) svo nokkuð sé nefnt. Þegar kemur að atvinnulífinu er lögð áhersla á jákvæða umræðu og hvatningu (sama heimild, 53). Engir efnahagslegir hvatar koma til umræðu, né heldur er spurt hvort mögulegt sé að leggja lagalegar skyldur á atvinnulífð í þessu efni. Markaðshyggja áráttanna fyrir hrun fjármálakerfisins 2008 er hér ráðandi. Innflytjendum á vinnu- markaði hefur fjölgað úr 10% árið 2009 í 24,3% árið 2024 (hagstofa.is). Forystumenn atvinnulífsins búast við að erlent vinnuafli verði um helmingur vinnu- markaðarins innan nokkurra áratuga (Vísir 2022a, 2022b).

Í kjölfar útgáfu *Íslensku til alls* ákvað menntamálaráðherra að leggja tillögurnar fram sem þingsályktun á Alþingi (*Alþingistíðindi* 2008–2009, þskj. 248). Samstaða var um málið þvert á flokka og samþykkti Alþingi tillögurnar „sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu“ (*Alþingistíðindi* 2008–2009, þskj. 699). Samþykkt tillögunnar markaði nokkur tímamót. Í fyrsta lagi er stefnan opinber í þeim skilningi að bæði löggjafar- og framkvæmdarvaldið lýsa yfir stuðningi við tiltekin markmið og leiðir til að ná þeim. Í öðru lagi er opinber stefna í málefnum íslenskunnar skilgreind fyrst og fremst sem viðbrögð við aukinni ásókn ensku á öllum sviðum íslensks samfélags. Þó að Íslensk málnefnd hafi lýst yfir stuðningi við eldri markmið á borð við verndun tungunnar og tengsl við málsöguna, hverfa áherslur af þessum toga í skuggann af þessari nýju hættu. „Veruleg hætta er á því að það [tungumálið íslenska] verði undir í samkeppni við ensku“ segir í ályktun frá 2014 (Íslensk málnefnd 2014). „Áður höfðu menn áhyggjur af óæskilegum áhrifum erlendra mála á íslensku“ sagði nefndin í ályktun sinni árið 2018, en nú „óttast margir að enska kunni að ryðja henni úr vegi“ (Íslensk málnefnd 2018).

Í þingsályktun frá 2019 um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi (*Alþingistíðindi* 2018–2019, þskj. 1750), eru sömu grundvallarsjónarmið og komu fram í *Íslensku til alls* áréttuð. Sérstök áhersla er á þrennt: að íslenska verði notuð á öllum sviðum samfélagsins, að íslenskukennsla verði aukin<sup>5</sup> og að stafræn framtíð íslenskunnar verði tryggð. Samstarfsáætlun hins opinbera og einkaaðila, stýrt af sjálfseignarstofnuninni Almennarómi, var sett á laggirnar í máltækni. Markmið Almennaróms eru að tryggja að íslenskan standi jafnfætis öðrum tungumálum í tækniheiminum, að vernda tunguna og að tryggja aðgengi almennings og fyrirtækja að nauðsynlegri tækni (almennaromur.is). Samtök atvinnulífsins sögðu verkefnið að forða íslenskunni „frá stafrænum dauða vegna yfirburðastöðu enskunnar“ (Samtök atvinnulífsins 2018). Stjórnvöld töldu einnig mikilvægt að styrkja bókaútgáfu og einkarekna fjölmiðla, m.a. til að styrkja tunguna og mæta samkeppni frá erlendum miðlum.<sup>6</sup>

Það er því ljóst að verkefni stjórnvalda tengd vernd íslenskunnar eru sífellt víðameiri og reyna á þanþol hugtaksins málstefna. Í *Íslenskeri málstefnu 2021–2030* (Íslensk málnefnd 2021b) fjarlægist stefnan gildismat klassískrar málstefnu (sbr. Sigurlaug Soffía Friðjónsdóttir 2022), en áherslan á stöðu tungunnar í samfélaginu er sem fyrr í forgrunni. Í flóknara og fjölbreyttara samfélagi leggur nefndin áherslu á málrækt með já-

kvæðum formerkjum, m.a. vegna veikrar stöðu íslenskunnar gagnvart ensku. „Mikilvægt er að máluppeldið sé með jákvæðum formerkjum,“ segir m.a. í stefnunni, „svo að börn og unglingar verði ekki fráhrerf málinu og kjósi ekki ensku fram yfir íslensku til frambúðar“ (sama heimild). Ólíkt *Íslensku til alls*, hefur *Íslenske málstefna 2021–2030* ekki verið lögð fyrir Alþingi.<sup>7</sup> Í aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu 2024–2026, fjalla 12 af 23 aðgerðum með beinum eða óbeinum hætti um kennslu í íslensku til innflytjenda eða um íslensku sem annað mál (*Alþingistíðindi 2023–2024*, þskj. 1664). Með mikilli fjölgun innflytjenda og auknum ferðamannastraumi eru stjórnvöld komin í varnarstöðu. Íslenska er vissulega þjóðtunga á Íslandi, en á tímum hnattvæðingar upplifa stjórnvöld íslenska tungu líkt og minnihlutamál sem er að kljást við öfl sem það ræður ekki fyllilega við (Albury 2016).

### 3.2 Íslenska sem þjóðtunga

Í *Íslensku til alls* var lögð áhersla á að bæta þyrfti lagalega stöðu íslenskunnar. Eftir að Alþingi gerði stefnuna að sinni skipaði ráðherra nefnd til gera tillögur um úrbætur í þessu efni og skilaði hún niðurstöðum árið 2010 (Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Línal & Þórhallur Vilhjálmsson 2010). Víða í íslenskum lögum er fjallað um íslenska tungu en oftast er hún einfaldlega sjálfgefin forsenda. Í íslensku stjórnarskránni er ekki minnst á íslenska tungu en í stjórnarskrárumræðu síðustu ára hafa komið fram tillögur í þá veru.<sup>8</sup> Í flestum stjórnarskrám, þar sem fjallað er um tungumál, er það annaðhvort táknrænt mikilvægt eða til að tryggja rétt ólíkra tungumála. Aukin áhersla á sérstaka lagasetningu til að tryggja stöðu íslenskunnar bendir til þess að fólk upplifi íslenskuna ekki jafn sjálfgefna og áður. Lagasetning um stöðu tungumála er því öðrum þæði um samspil eða samlíf tungumála.

Heildarlög um íslensku voru sett með lögum nr. 61/2011 en þar er fjallað um þjóðtungu, opinbert mál stjórnvalda, málstefnu og Íslenska málnefnd. Lögin eru að samskiptum fyrirmynd og taka bæði til stöðu íslenskrar tungu og tákna máls (sem ekki er rétt frekar hér). Í 1. gr. segir: „Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi.“ Í 2. gr. er þetta skilgreint nánar: „Þjóðtungan er sameiginlegt mál landsmanna. Stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota hana á öllum sviðum íslensks þjóðlífs. Allir sem eru búsettir hér á landi skulu eiga þess kost að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi [...]“ Í greinargerð með frumvarpinu (*Alþingistíðindi 2010–2011*, þskj. 870) er lögð áhersla á nothæfni tungunnar og skýrleika sem bendir til áherslu á sérhæft og þekkingarþungið málfar, t.d. í vísindum og stjórnsýslu. Orðalag laganna, að „unnt verði að nota“ tunguna fremur en t.d. „nota skal tunguna“ á öllum sviðum samfélagsins, er athyglisvert. Í greinargerðinni er einnig talað um að íslenska eigi að „vera fullkomið mál í þeim skilningi að það sé nothæft og notað á öllum sviðum samfélagsins“ (sama heimild). Þetta á ágætlega við um íslenskan fræðiorðaforða (11. gr. laganna). Fyrir málstefnuna er spurningin um „notað“ og „nothæft“ mikilvæg, t.d. ef öll kennsla og rannsóknir á viðkomandi fræðasviði fara fram á ensku. Hér takast á spurningar um frelsi og hagkvæmni annars vegar og markmið málstefnunnar og þær kvaðir sem hún hefur í för með sér hins vegar, ekki síst ef ríkið vill „ tryggja“ að unnt sé að nota tunguna á öllum

sviðum. Annað vandamál sem við blasir og ekki var rætt sérstaklega í tengslum við laga-setninguna, er það hvernig nothæfni tungunnar tengist þeim breytingum á íslensku samfélagi sem málnefndin ályktaði um 2007 og hefur síðan vaxið ár frá ári. Viðfangsefnið hér er ekki nothæfni tungunnar í þeim skilningi sem lögin gera ráð fyrir, heldur að enska er tekin upp sem samskiptamál og ýtir íslensku til hliðar eða útilokar hana alveg. Lausnin virðist liggja í því að fólk sem ekki kann íslensku eigi „þess kost að læra og nota íslensku“ til þátttöku í „íslensku þjóðlífi“. Lögin byggja því fremur á hvatningu og tækifærum en kvöðum og skyldum til að ná markmiði sínu.

### 3.3 Tungumál, reisin og virðing

Í bók sinni *Linguistic Justice for Europe and for the World* setti Van Parijs (2011; De Schutter & Robichaud 2015) fram athyglisverða kenningu um annars vegar mikilvægi ensku og hins vegar um skýlaus og nokkuð íþyngjandi réttindi landfræðilega afmarkaðra tungumála. Van Parijs færir ýmis rök fyrir því að það sé bæði hagkvæmt og réttlátt að gera ensku að *lingua franca* heimsins. Þessi rök verða ekki rædd nánar hér, en það er ljóst að viðhorf hans til ensku er jákvætt. Frá sjónarmiði réttlætis eru þó ýmsir ókostir við auknið vægi enskunnar. Frá íslensku sjónarhorni er einn ókostur áhugaverðastur. Ranglætið sem hér um ræðir er tengt sjálfsmynd fólks og er grundvallað á tengslum tungumáls og virðingar (sjá einnig kafla 2.2). Aukinn styrkur enskunnar eykur hættuna á að virðing og viðurkenning annarra tungumála minnki og stigveldi tungumála festist í sessi. Þetta er augljós vandi á Íslandi og eitt af viðfangsefnum málstefnunnar á síðustu árum. Í *Íslenskeri málstefnu 2021–2030* segir: „Kjarni íslenskrar málstefnu er jákvætt viðhorf til íslenskrar tungu“ og að málrækt sé að „bera virðingu fyrir málinu og rækta með sér jákvætt viðhorf til málsins“. Í aðgerðaráætlun um íslenska tungu 2024–2026 (*Alþingistíðindi 2023–2024*, þskj. 1664) er lögð sérstök áhersla á að kanna viðhorf landsmanna til tungunnar, en meintur ímyndarvandi íslenskunnar og neikvæð viðhorf til tungunnar er annað orðalag um skort á virðingu.

Vegna þess að fólk hefur tilhneigingu til að nota það tungumál sem flestir tala með minnstri fyrirhöfn (e. *maximin language use*) og vill læra það tungumál sem mestar líkur eru á það noti (e. *probabilty driven language learning*), er hætta á tvenns konar vanda. Í fyrsta lagi því sem Van Parijs (2011) kallar „nýlenduviðhorf“ (e. *colonial attitude*). Það tungumál sem er sterkara – enska í þessu tilviki – verður smám saman sjálfgefinn samskiptamáti. Hvati þeirra sem kunna ensku til að læra íslensku dvínar að sama skapi og Íslendingum finnst jafnframt eðlilegt og sjálfsagt að tala ensku. Þetta leiðir óhjákvæmilega til þess að virðing og reisin íslenskunnar – og þar með Íslendinga – færir skör neðar. Hér þarf annars vegar að huga að ólíkri stöðu þeirra sem tala ensku og hins vegar hvað átt er við með ensku í þessu sambandi. Eins og Wright (2015, 2016, 215–222) bendir á er enska sem *lingua franca* að nokkru aftengd uppruna sínum (m.a. hernaðar- og efnahagsstyrk Bandaríkjanna) og notuð sem samskiptamál af fjölbreyttum hópi fólks. Enska er mál menntaðrar – og sífellt hnattrænni – elítu sem setur norm um eðlilega eða sjálfsagða málnotkun, vanalega staðlaða ensku að breskri eða bandarískri fyrirmynd. Þetta ýtir undir nýlenduviðhorf í skilningi Van Parijs. Málið er þó flóknara. Hin hnattræna enska

(e. global English) er meira fljótandi og mótast af staðbundinni samskiptaþörf fremur en stöðluðu málkerfi. Hér getur myndast „grátt svæði“ þar sem tvö eða fleiri tungumál eru notuð samhliða og blandast jafnvel saman í daglegri notkun (Ricento 2015; Wright 2015). Hugmyndir um „sterkara tungumálið“ og „nýlenduviðhorf“ eiga hér síður við eða eru að minnsta kosti óljósari (Stilz 2015).

Síðari vandinn sem Van Parijs (2011) greinir kallar hann „örvæntingu þeirra kurteisu“ (e. kindness driven agony). Sú staðreynd að fólk er alla jafna velviljað og kurteist er með sérstökum hætti ógn við veikara tungumálið. Af því að Íslendingar kunna flestir ensku að einhverju marki er sjaldgæft að þeir neiti samskiptum við aðra á þeirri forsendu að „rangt tungumál“ sé í boði eða þeir viti að þeir eigi fullan rétt á að nota íslensku. Lilja Alfredsdóttir (2023) fyrrum ráðherra varaði við doða og misskilinni þjónustulund „sem hefur orðið til þess að enska er álitin sjálfsagt mál svo víða í samfélaginu“. Hér eru persónulegir lestir einstaklinga (doði) eða karaktereinkenni þjóðarinnar (þjónustulund) orsök vandans fremur en stefna stjórnvalda. Ef viðhalda á íslensku „á öllum sviðum“ á grundvelli einstaklingsbundinna samskipta leiðir það óhjákvæmilega til persónulegra árekstra sem flestir forðast. Það eru því velvilji og kurteisi sem „veita sterkara tungumálinu sínar slæmu klær“ (Van Parijs 2011, 145) og – eins og einföld leikjafræði (vallþröng fangans) sýnir – grafa undan markmiðum sem jafnvel allir vilja stefna að. Þetta dregur ekki aðeins úr líkum á að fólk læri íslensku heldur eykur um leið líkur á að Íslendingar hver um sig fari að tala ensku á ákveðnum sviðum samskipta.

Til að bregðast við þessu vill Van Parijs (2011) gera tungumál að „drottningu síns landsvæðis“. Hann ber saman það sem hann kallar frjálslynda málstefnu (e. accommodating regime) og stjórnandi málstefnu (e. coercive regime). Hin frjálslynda málstefna einkennist af sanngirni (e. even-handedness) ríkisvaldsins gagnvart ólíkum tungumálum, t.d. varðandi menntun og notkun tungumála. Það má einnig kalla þetta málstefnu á forsendum markaðarins, sumum tungumálum mun vegna illa og öðrum vel. Stjórnandi málstefna er mun meira afgerandi í stuðningi sínum við tunguna, enda er markmiðið að breyta forsendum – eða hvötum – einstaklinga fyrir bæði málnotkun og tungumálanámi. Sé stjórnandi málstefnu ekki fylgt munu samskipti á ensku hafa sinn gang og ýta íslensku til hliðar á sviðum þar sem stjórnvöld telja æskilegt að hún sé ráðandi. Íslensk stjórnvöld virðast hafa metnað til að koma á stjórnandi málstefnu í anda Van Parijs (2011), en sú spurning er þó öllu meira knýjandi hvort þeim hafi tekist í stefnumótun og framkvæmd að fylgja því eftir svo vel sé.

Kosturinn við kenningu Van Parijs (2011) er sá að hún beinir sjónum okkar að samspili ensku og íslensku og þeim vanda sem íslenska á óhjákvæmilega við að etja í slíkum samskiptum. Helsti styrkleiki kenningarinnar byggist á tengslum virðingar og tungumála og áhrifum ólíkrar stöðu á samskipti og tilvist tungumála. Samlíf ensku og íslensku er hins vegar flóknara en Van Parijs (2011) gerir ráð fyrir, ekki síst fyrir tilstilli nútíma fjölmiðla og rafrænna samskipta (sbr. Eiríkur Rögnvaldsson 2016).

### 3.4 Innflytjendur og íslenska

Samkvæmt Van Parijs (2011) er eðlilegt og sjálfsagt að ætlast til þess að innflytjendur læri

tungumál þess lands sem þeir flytjast til. Íslensk stjórnvöld eru á sama máli eins og glöggst má sjá á aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu 2024–26 (*Alþingistíðindi* 2023–2024, þskj. 1664). Samkvæmt úttekt OECD (2024) er augljóst að stjórnvöldum hefur mistekist þetta ætlunarverk sitt, en íslenskukunnátta innflytjenda er óvenju lítil ef miðað er við innflytjendur í öðrum löndum OECD. Eitt af einkennum íslenskrar málstefnu er að ekkert er fjallað um tungumál þess minnihluta landsmanna sem á önnur tungumál en íslensku að móðurmáli (Albury 2016). Almennt hafa réttindi innflytjenda til að tala eigið tungumál ekki fengið mikla umfjöllun eða samúð meðal stjórnmálaheimspekinga þó að þetta kunni að vera að breytast (De Schutter 2022). Staða og uppruni innflytjenda er oft fjölbreytilegur og þeir dreifast gjarnan með öðrum hætti um ríkið en eldri eða upprunalegri minnihlutahópar þar sem þeir eru til staðar. Jafnframt því sem Kymlicka (1995) ver sérstök réttindi menningar og tungumála minnihluta tekur hann fram að slík réttindi eigi ekki við um innflytjendur. Samkvæmt Kymlicka (1995, 96) hafa innflytjendur sjálfviljugir ákveðið að yfirgefa eina þjóðmenningu og setjast að í annari og gefa þannig upp á bátinn þau réttindi sem fylgdu því að tilheyra fyrri menningu. Patten (2014, 281–284) telur að Kymlicka leggi of mikla áherslu á þjóðmenningu og stofnanir (mögulega pólitískar) sem því fylgja. Innflytjendur (og tungumál þeirra) þurfi því fyrst og fremst sanngirni og viðurkenningu frá því samfélagi sem þeir flytjast til. Í fyrsta lagi má nefna það sem Patten (2009) kallar umburðarlyndisréttindi (e. toleration rights): réttindi minnihluta til að tala sitt tungumál á heimili, í félögum og atvinnu. Réttindi af þessu tagi er auðvelt að réttlæta að mati Patten (2009) vegna þess að þau fylgja annars konar réttindum, t.d. tjáningarfrelsi. Í öðru lagi koma aðlögunarréttindi (e. accommodating rights) til greina sem Patten (2009) kallar svo og ganga lengra enda gera þau ráð fyrir að ríkið komi til móts við minnihlutatungumál við ákveðnar aðstæður. Málstefna íslenskra stjórnvalda er ekki beinlínis andsnúin umburðarlyndis- eða aðlögunarréttindum. Nær væri að segja að hún sé þögl um þau. Þetta kann þó að vera að breytast. Í *Íslenskeri málstefnu 2021–2030* segir að mikilvægt sé að stjórnvöld sjái „íbúum sem ekki hafa náð tökum á íslensku fyrir nauðsynlegum opinberum upplýsingum á móðurmáli þeirra eða öðru tungumáli sem þeir skilja og tryggir þeim þjónustu túlka þegar þess er þörf“ (Íslensk málnefnd 2021b).

Aðaláherslan er hins vegar á að fólk sem ekki kann íslensku hafi tækifæri til að læra hana, enda íslenska eina viðurkennda mál ríkisins. Stjórnvöld tala hér frekar um tækifæri og möguleika sem innflytjendum standi til boða fremur en um kvaðir eða væntingar stjórnvalda til innflytjenda. Í alþjóðlegu samhengi er þetta áhugavert og alls ekki sjálfgefið einkenni stefnunnar (Joppke 2017, 69). Samkvæmt samskiptaskólanum má réttlæta þessa málstefnu með þeim hætti að til lengri tíma auki hún tækifæri og jafni stöðu innflytjenda og innfæddra. Í skýrslu OECD (2024) er þannig lögð áhersla á að kunnátta í íslensku auki líkur á því að þekking og menntun innflytjenda nýtist að fullu. Frá sjónarhóli sjálfsmyndarskólans eru innflytjendur í fyrsta lagi beðnir um að gefa upp fyrri réttindi byggð á sjálfsmynd og í öðru lagi að aðlagast nýrri sjálfsmynd og þeim réttindum sem henni fylgja. Markmið íslenskukennslu innflytjenda er því öðrum þræði að efla og styrkja sjálfsmynd þjóðarinnar. Í aðgerðaráætlun um íslenska tungu 2024–2026 (*Alþingistíðindi* 2023–2024, þskj. 1664) er einnig talað um inngildinguna innflytjenda í íslenskt

samfélag sem markmið. Ein leið til að túlka slíka stefnu er að hún sé liður í því að breyta innflytjendum í Íslendinga, fá þá til að skipta um sjálfsmynd og verða hluti af þjóðinni.

Frá sjónarmiði stjórnvalda er markmið íslenskukennslu innflytjenda að styrkja og festa í sessi íslenskuna sem eina tungumál landsins. Spyrja má hversu raunsætt eða sanngarnt þetta sjónarmið er. Innflytjendur eru fjölbreyttur hópur með ólíkan bakgrunn, með ólík markmið og dvelja mislengi í landinu. Íslenskur vinnumarkaður er opinn fyrir evrópsku vinnuafl og fólki utan Evrópu hefur fjölgað. Vísindi og háskólakennsla fara í auknum mæli fram á ensku, með hvatningu og blessun stjórnvalda. Enska er orðin æ mikilvægari sem sameiginlegt mál fólks með ólíkan bakgrunn, ekki síst þegar um er að ræða hreyfanlegt vinnuafl eins og innflytjendur á Íslandi eru að miklum hluta. Spurningin er því ekki um móðurmál innflytjenda, heldur sameiginlegt samskiptamál innflytjenda innbyrðis og við Íslendinga. Þetta einkenni íslensks samfélags mátti glögg sjá í verkfalli Eflingar í febrúar 2023, en barátta félagsins fór jöfnum höndum fram á íslensku og ensku (sjá mynd 1).



Mynd 1. Verkfall Eflingar.

Morgunblaðið/Eggert

#### 4. Niðurstöður

Umfjöllunarefni þessarar greinar er það gildismat sem íslensk málstefna byggist á og þau markmið sem henni er ætlað að ná. Íslensk tunga skipar hefðum samkvæmt mikilvægan sess í íslenskri þjóðernisorðræðu og sjálfsmynd Íslendinga. Klassísk málstefna lagði áherslu á tengsl við fornt ritmál og menningararfleifð. Tungan varð með þessum hætti „viðfang“ eða „hlutur“ sem hefur gildi í sjálfu sér og jafnframt nátengd sjálfstæði þjóðarinnar og fullveldi ríkisins. Klassísk málstefna hafði einkenni ráðandi orðræðu eða hugmyndafræði fremur en miðstýrðrar stefnumótunar. Þörf ríkisins til að setja á fót stofnanir, setja ný lög og móta skýra málstefnu markast af nýjum viðfangsefnum og áskorunum. Áhersla málstefnunnar hefur færst frá því að beina aðallega sjónum að formi tungunnar yfir í stöðu hennar í samfélaginu og kennslu í íslensku sem öðru máli. Á 21. öld hefur málstefnan yfirbragð varnarbaráttu þar sem íslenskan á í samkeppni við ensku og mögulega önnur tungumál. Íslenskan er lagalega skilgreind þjóðtunga, ekki aðeins meirihlutamál heldur eina tungumál landsins. Markmið og gildismat stefnunnar

og veruleiki íslensks samfélags eru þó á skjön, íslenskan er því í orðræðu stjórnvalda eins og minnihlutamál sem á í samkeppni við sterkt meirihlutamál (ensku) sem sækir að því á öllum sviðum.

Að baki klassískri málstefnu liggur það sjónarmið að ákveðið form tungumálsins sé betra en annað og þar með beri íslenska þjóðríkinu að vernda tunguna á þeim forsendum. Með því að setja tungumálið sjálft í forgrunn með þessum hætti skapast óhjákvæmilega togstreita á milli verndar annars vegar og hins vegar sjálfræðis eða frelsis einstaklingsins til að nota tungumálið að eigin vild. Nýrri áhersla á stöðu tungunnar í samfélaginu fremur en form hennar glímur við svipaðan vanda, enda ríkir togstreita á milli frelsis einstaklinga til að tala það tungumál sem þeir vilja og þess markmiðs stjórnvalda að íslenska sé töluð á öllum sviðum. Klassísk málstefna leggur áherslu á innri vernd tungunnar (form hennar og tengsl við málsöguna), en *Íslenska til alls* leggur áherslu á ytri vernd hennar gagnvart öðrum tungumálum, fyrst og fremst ensku. Hér takast annars vegar á sjónarmið frjálsræðis, einstaklingshyggju og fjölbreytileika og hins vegar sjónarmið sem leggja áherslu á vernd tungunnar, íslensks málsamfélags og þjóðlegra sérkenna. Hér geta tekist á hugmyndir um rétt Íslendinga til að tala íslensku í daglegu lífi og rétt innflytjenda til að tala ensku eða önnur tungumál í starfi eða á opinberum vettvangi, m.a. til að verja hagsmuni sína og láta rödd sína heyrast.

Þegar íslensk málstefna er metin í ljósi nýlegra kenninga í stjórnmálaheimspeki er ljóst að hún hefur nokkra sérstöðu. Meginstraumur slíkra kenninga lítur ýmist á tungumálið sem samskiptatæki, hluta af sjálfsmynd einstaklinga og samfélaga, eða mikilvægt fyrir reisu einstaklinga og virðingu. Tungumálið sem slíkt er því mikilvægt vegna eða á grundvelli annarra markmiða eða gilda sem samfélagið telur mikilvæg. Klassísk málstefna leggur á hinn bóginn áherslu á gildi tungumálsins sem slíks og sjálfstætt verndargildi þess í heimi fjölbreyttra tungumála. Klassíska málstefnu má því tengja við kenningaskóla sem leggur áherslu á fjölbreytileika og verndargildi tungumála (og menningar) með svipuðum hætti og líffræðilegan fjölbreytileika. Þessi skóli hefur því aðrar hugmyndir um hlutverk ríkisvaldsins og tilgang málstefnu þess en frjálslyndari skólar á borð við samskiptaskólann eða sjálfsmyndarskólann. Á Íslandi var málstefnan lengst af óformleg, en naut stuðnings af ráðandi þjóðernisorðræðu og stjórnmálaöflum. Á síðustu áratugum er ljóst að ríkisvaldið telur þörf á formlegri stefnumótun til að styðja við tunguna og eftir atvikum að móta eða stýra hvernig og hvar fólk notar íslensku. Málstýring í viðum skilningi er því orðið mikilvægt viðfangsefni ríkisvaldsins, en tilgangurinn hlýtur að vera að hafa áhrif á málnotkun einstaklinga í samræmi við tiltekin gildi og markmið. Við getum því sagt að markmið stjórnvalda sé, svo notað sé hugtak Van Parijs (2011), stjórnandi málstefna þar sem íslenska er drottning síns landsvæðis. Hvort stjórnvöldum hafi tekist að byggja upp stofnanir eða stefnu sem nær þessu markmiði og getur tekist á við þá mótsagnakenndu hagsmuni og það gildismat, sem staðar eru í samfélaginu, er hins vegar óljóst enn sem komið er.

## Aftanmálsgreinar

- 1 Ég vil þakka Adolf Friðriksyni fornleifafræðingi, Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur hagfræðingi, Ármanni Jakobsyni prófessor og formanni Íslenskrar málnefndar, og nafnlausum ritrynum fyrir yfirlestur og athugasemdir við greinina á fyrri stigum. Ég vil einnig þakka þeim Vilhjálm Þorsteinssyni stjórnarformanni Miðeindar og Jóhönnu Vigdís Guðmundsdóttur fyrirverandi forstjóra Almanna-róms fyrir að ræða við mig um máltækniátak stjórnvalda. Ég vil einnig þakka Hagþenki – Félagi höfunda fræðiritra og kennslugagna fyrir styrkveitingu og Alþingi fyrir afnot af Jónshúsi í Kaupmannahöfn.
- 2 Birgir Hermannsson (2021) fjallar um menningararf (mannanöfn) og stjórnmálaheimspeki með líkum efnistöfum.
- 3 Mörgum hafa verið eignuð þessi orð, en samkvæmt Spolsky (2021, 62) var það menntaskólakennari í Bronx sem lét þau fyrstur falla árið 1944 í umræðum um jiddísku.
- 4 Á ensku er oft talað um *effects-based neutrality* annars vegar og *justificatory neutrality* hins vegar.
- 5 Þar sem þessi grein fjallar ekki um framkvæmd stefunnar er hér ekki lagður dómur á það hvort íslenskukennsla hafi í raun aukist eins og stefnan kveður á um.
- 6 Sbr. lög nr. 139/2018, um útgáfu bóka á íslensku, lög nr. 27/2020 (gr. 9) og lög nr. 53/2023 um stuðning við einkarekna fjölmiðla.
- 7 Ráðherra ber ekki skylda til að leggja málstefnu fyrir Alþingi, en í samanburði við *Íslensku til alls* hefur *Íslensk málstefna 2021–2030* ekki fengið sömu umræðu og kynningu og einnig er óvíst hvort stefnan njóti viðlíka pólitísku stuðnings.
- 8 Frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum (forseti Íslands, ríkisstjórn, verkefni framkvæmdarvalds, umhverfisvernd, auðlindir náttúru Íslands og íslensk tunga). *Alþingistíðindi* 2020–2021, þskj. 787.

## Heimildir

- Albury, N. J. (2016). „National Language Policy Theory: Exploring Spolsky’s Model in the Case of Iceland“, *Language Policy* 15, 35–372.
- Alcalde, J. (2015). *Linguistic Justice: An Interdisciplinary Overview of the Literature*. A’dam Multiling Working Paper #3, 2015.
- Almannarómur.is*.
- Alþingistíðindi*.
- Ari Páll Kristinsson (2012). „Language Management Agencies Counteracting Perceived Threats to Tradition“, *Language Policy* 11(4), 343–356.
- Ari Páll Kristinsson (2017). *Málheimar: Síttvað um málstefnu og málnotkun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ari Páll Kristinsson (2019). „Um greiningu á málstöðlun og málstefnu: Haugen, Ammon, og Spolsky í íslensku samhengi“, *Orð og tunga* 21, 129–151.
- Ari Páll Kristinsson (2021). „Rannsóknir á stafrænu málsambýli varpa nýju ljósi á meginþræði íslenskrar málstefnu“, *Ritið* 21(3), 201–218.
- Ármann Jakobsson (2022). „Tungumálið er lykilinn að fullveldinu“, *Vísir*, 19. október. Sótt á [https://www.visir.is/g/20222326428d?fbclid=IwAR2czLWbF\\_ut44p6-OfoP2wuHo6SfQ9QSbiKea5WY\\_yGS4624e0-QJxkN4](https://www.visir.is/g/20222326428d?fbclid=IwAR2czLWbF_ut44p6-OfoP2wuHo6SfQ9QSbiKea5WY_yGS4624e0-QJxkN4)
- Baldur Jónsson (2002). *Málsgreinar: Afmálsrit Baldurs Jónssonar með úrvali greina eftir hann*. Reykjavík: Íslensk málnefnd.
- Barry, B. (2001). *Culture and Equality: An Egalitarian Critique of Multiculturalism*. Cambridge: Polity Press.
- Birgir Hermannsson (2017). „Þjóðmenning og lagaleg réttindi“, *Skírnir* 191 (haust), 310–338.
- Birgir Hermannsson (2020). *Stjórnsmál*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Birgir Hermannsson (2021). „Einstaklingsfrelsi og þjóðmenning: Um mannanöfn og íslenska þjóðernishyggju“, *Stjórnsmál & stjórnsýsla* 17(2), 153–174.

- Blake, M. (2003). „Language Death and Liberal Politics“, í W. Kymlicka og A. Patten (ritstj.), *Language Rights and Political Theory* (bls. 210–229). Oxford: Oxford University Press.
- Brubaker, R. (2013). „Language, Religion and the Politics of Difference“, *Nations and Nationalism* 19(1), 1–20.
- Cairney, P. (2020). *Understanding Public Policy* (2. útg.). London: Red Globe Press.
- Crystal, D. (2000). *Language Death*. Cambridge: Cambridge University Press.
- De Schutter, H. (2007). „Language Policy and Political Philosophy: On the Emerging Linguistic Justice Debate“, *Language Problems & Language Planning* 31(1), 1–23.
- De Schutter, H. (2016). „The Liberal Linguistic Turn: Kymlicka’s Freedom Account Revisited“, *Dve Domovini/Two Homelands* 44, 51–65.
- De Schutter, H. (2022). „Linguistic justice for immigrants“, *Nations and Nationalism* 28, 418–434.
- De Schutter, H. og Robichaud, D. (2015). „Van Parijsian Linguistic Justice: Context, Analysis and Critiques“, *Critical Review of International Social and Political Philosophy* 18(2), 87–112.
- Eiríkur Rögnvaldsson (2016). „Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málþróunar“, *Skírnir* (vor), 17–31.
- Eiríkur Rögnvaldsson (2022). *Alls konar íslenska: Hundrað þættir um íslenskt mál á 21. öld*. Reykjavík: Mál og menning.
- Fréttablaðið.is 2023. „Ólína varar við málfræðilegum rétttrúnaði“, 15. mars 2023. Sótt á <https://www.frettabladid.is/frettir/olina-sakar-menntaskolann-vid-sund-um-politiskt-inngrip/>
- Gellner, E. (1983). *Nations and Nationalism*. Ithaca: Cornell University Press.
- Gíslí Pálsson (1979). „Vont mál og vond málfræði“, *Skírnir* 153, 175–201.
- Guðmundur Finnbogason (1928). „Hreint mál“, *Skírnir* 102, 145–155.
- Guðmundur Finnbogason (1933). *Íslendingar*. Reykjavík: Bókadeild Menningarsjóðs.
- Guðmundur Hálfðanarson (2001). *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Guðmundur Hálfðanarson (2006). „From Linguistic Patriotism to Cultural Nationalism: Language and Identity in Iceland“, í A. K. Isaacs (ritstj.), *Languages and Identities in Historical Perspective* (bls. 55–66). Pisa: Plus Pisa University Press.
- Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal og Þórhallur Vilhjálmsson (2010). *Skýrsla nefndar um lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknaðsins*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. hagstofa.is, VIN10002.
- Halldór Halldórsson (1971). *Íslensk málrækt: Erindi og ritgerðir*. Reykjavík: Hlaðbúð.
- Hallfríður Þórarinsdóttir (2007). *Purity and Power: The Policy of Purism in Icelandic Nationalism and National Identity*. Ann Arbor, MI: Umi Dissertation Services.
- Hallfríður Þórarinsdóttir (2010). „Íslenskutruboðið: Er málleg þjóðernishyggi veraldleg trúarbrögð á Íslandi?“, *Glíman* 7, 169–199.
- Háskóli Íslands (2016). Málstefna Háskóla Íslands. Stefna samþykkt á háskólaþingi 10. maí og í háskólaráði 19. maí 2016. Sótt á [https://www.hi.is/haskolinn/malstefna\\_haskola\\_islands](https://www.hi.is/haskolinn/malstefna_haskola_islands)
- Háskóli Íslands (2023). Málstefna Háskóla Íslands. Stefna samþykkt á háskólaþingi 26. apríl og í háskólaráði 2. nóvember 2023. Sótt á [https://www.hi.is/haskolinn/malstefna\\_haskola\\_islands](https://www.hi.is/haskolinn/malstefna_haskola_islands)
- Helgi Hálfðanarson (1985). *Skýnsamleg orð og skætingur*. Reykjavík: Ljóðhús.
- Heller, M. (2018). „Socioeconomic Junctures, Theoretical Shifts: A Genealogy of Language Policy and Planning Research“, í J. Tollefson og M. Perez-Milans (ritstj.), *Oxford Handbook of Language Policy and Planning* (bls. 35–55). Oxford: Oxford University Press.
- Hutchinson, J. (2013). „Cultural Nationalism“, í J. Breully (ritstj.), *Oxford Handbook of the History of Nationalism* (bls. 75–95). Oxford: Oxford University Press.
- Íslensk málnefnd (2007). *Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2007*. Sótt á [https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/Alyktun\\_um\\_stodu\\_islenskunnar.pdf](https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/Alyktun_um_stodu_islenskunnar.pdf)
- Íslensk málnefnd (2008). *Íslenska til alls: Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskeri málstefnu*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

- Íslensk málnefnd (2014). *Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2014*. Sótt á [https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/Alyktun\\_2014-11-12.pdf](https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/Alyktun_2014-11-12.pdf)
- Íslensk málnefnd (2018). *Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2018*. Sótt á <https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/Alyktun-IM-2018.pdf>
- Íslensk málnefnd (2020). *Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2020*. Sótt á <https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/alyktun2020.pdf>
- Íslensk málnefnd (2021a). *Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2021*. Sótt á <https://islenskan.is/images/Alyktanir-pdf/Alyktun2021.pdf>
- Íslensk málnefnd (2021b). *Íslensk málstefna 2021–2030*. Sótt á [https://islenskan.is/images/Íslensk\\_mals-tefna\\_sept\\_2021.pdf](https://islenskan.is/images/Íslensk_mals-tefna_sept_2021.pdf)
- Jernudd, B. og Nekvapil, N. (2012). „History of the Field: A Sketch“, í B. Spolsky (ritstj.), *The Cambridge Handbook of Language Policy* (bls. 16–36). Cambridge: Cambridge University Press.
- Johnson, D. (2013). *Language Planning*. Houndmills, UK: Palgrave Macmillan.
- Joppke, C. (2017). *Is Multiculturalism Dead?* Cambridge: Polity Press.
- Kant, I. (2011). *Grundvöllur að frumspeki siðlegrar breytni*. Þýdd af Guðmundi Heiðari Frimannssyni. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Kelly, P. (2005). *Liberalism*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Kjartan G. Óttósson (1990). *Íslensk málbreiðing: Sögulegt yfirlit*. Reykjavík: Íslensk málnefnd.
- Kristjana Vígdis Ingvadóttir (2021). *Þrautseigja og mikilvægi íslenskrar tungu*. Reykjavík: Sögufélag.
- Kristján Árnason (2001). „Málstefna 21. aldar“, *Málfrægnir* (20), 3–9.
- Kristján Árnason (2002). „Uppþök íslensks ritmáls“, *Íslenskt mál* 24, 157–193.
- Kristján Árnason (2018). *Á vora tungu: Afmálsrit til heiðurs Kristjáni Árnasyni*. Ari Páll Kristinsson og Haukur Þorgeirsson (ritstj.). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Málsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kymlicka, W. (1991). *Liberalism, Community and Culture*. Oxford: Oxford University Press.
- Kymlicka, W. (1995). *Multicultural Citizenship: A Liberal Theory of Minority Rights*. Oxford: Oxford University Press.
- Lilja Alfreðsdóttir (2023). „Notum íslensku“, *Vísir.is*, 5. júlí. Sótt á <https://www.visir.is/g/20232435997d/notum-islensku>
- Morgunblaðið (2001). „Margar þjóðir með þá stefnu að vera tvítyngdar“, *Morgunblaðið*, 13. febrúar.
- Morgunblaðið (2007). „Enskan vinnumál á Íslandi?“, *Morgunblaðið*, 17. september.
- Musschenga, A. W. (1998). „Intrinsic Value as a Reason for the Preservation of Minority Cultures“, *Ethical Theory & Moral Practice* 1, 201–225.
- Newman, D. (2007). „Putting Kymlicka in Perspective: Canadian Diversity and Collective Rights“, í S. Tierney (ritstj.), *Accommodating Cultural Diversity* (59–75). London: Ashgate.
- Njörður P. Njarðvík (2023). „Um kyn og málfar“, *Fréttablaðið*, 12. janúar. Sótt á <https://www.frettabladid.is/skodun/um-kyn-og-malfar/>
- Oakes, L. og Paled, Y. (2018). *Normative Language Policy: Ethics, Politics, Principles*. Cambridge: Cambridge University Press.
- OECD (2024). *Skills and Labour Market Integration of Immigrants and their Children in Iceland*, Working Together for Integration, OECD Publishing, Paris, <https://doi.org/10.1787/96adc300-en>
- Ólína Þorvarðardóttir (2023). „Fiskari eða sjómaður? Orð eru ekki bara orð“, *Heimildin*, 28. janúar. Sótt á <https://heimildin.is/grein/16631/fiskari-eda-sjomadur-ord-eru-ekki-bara-ord/>
- Patten, A. (2001). „Political Theory and Language Policy“, *Political Theory* 29(5), 691–715.
- Patten, A. (2003). „Liberal Neutrality and Language Policy“, *Philosophy and Public Affairs* 31(4), 356–386.
- Patten, A. (2009). „Survey Article: The Justification of Minority Language Rights“. *The Journal of Political Philosophy* 20(3), 249–272.
- Patten, A. (2012). „Liberal Neutrality: A Reinterpretation and Defense“, *The Journal of Political Philosophy* 17(2).
- Patten, A. (2014). *Equal Recognition: The Moral Foundations of Minority Rights*. Princeton, NJ: Princeton University Press.

- Patten, A. og Kymlicka, W. (2003). „Introduction: Language Rights and Political Theory: Context, Issues and Approaches“, í A. Patten og W. Kymlicka (ritstj.), *Language Rights and Political Theory* (bls. 1–52). Oxford: Oxford University Press.
- Phillipson, R. (1992). *Linguistic Imperialism*. Oxford: Oxford University Press.
- Phillipson, R. (2013). „Linguistic Imperialism“, í Carol A. Chapelle (ritstj.), *The Encyclopedia of Applied Linguistics*. Hoboken, NJ: Blackwell Publishing.
- Réaume, D. (2003). „Beyond Personality: The Territorial and Personal Principles of Language Policy Reconsidered“, í W. Kymlicka og A. Patten (ritstj.), *Language Rights and Political Theory* (bls. 275–295). Oxford: Oxford University Press.
- Ricento, T. (2000). „Historical and Theoretical Perspectives in Language Policy and Planning“, *Journal of Sociolinguistics* 4(2), 196–213.
- Ricento, T. (2006). „Language Policy: Theory and Practice – An Introduction“, í T. Ricento (ritstj.), *An Introduction to Language Policy: Theory and Method* (bls. 10–23). Oxford: Blackwell Publishing.
- Ricento, T. (2015). „Thinking about Language: What Political Theorists Need to Know about Language in the Real World“, *Language Policy* 13, 351–369.
- Robichaud, D. og De Schutter, H. (2012). „Language is just a Tool! On the Instrumentalist Approach to Language“, í B. Spolsky (ritstj.), *The Cambridge Handbook of Language Policy* (bls. 124–145). Cambridge: Cambridge University Press.
- Samtök atvinnulífsins (2018). „Almannarómur bjargar íslenskunni frá stafrænum dauða“. Sótt á <https://www.sa.is/frettatengt/frettir/almannaromur-bjargar-islenskunni-fra-stafrenum-dauða>
- Sigríður Matthíasdóttir (2004). *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigríður Sigurðardóttir, Ágústa Þorbergsdóttir og Anna Vilborg Einarsdóttir (2022). *Staða málstefnu í stöðkerfi ferðaþjónustunnar: Skiptir hún máli? Rannsóknarskýrslur Ferðamálaeildar Háskólans á Hólum*, HH 2022/1.
- Sigurður Nordal (1942). *Íslensk menning*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigurlaug Soffía Friðjónsdóttir (2022). *‘Linguistic Panic’: Critical Discourse Analysis of the Icelandic Language Policy in Light of the Growing Immigrant Population in Iceland*. MA-ritgerð, Háskólinn í Malmö. Sótt á <http://www.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A1678229&dswid=-1405>
- Slitz, A. (2015). „Language, dignity and territory“. *Critical Review of International Social and Political Philosophy*, 18(2), 178–190. <https://doi.org/10.1080/13698230.2015.1023632>
- Spolsky, B. (2004). *Language Policy*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Spolsky, B. (2009). *Language Management*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Spolsky, B. (ritstj.) (2012). *The Cambridge Handbook of Language Policy*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Spolsky, B. (2019). „A Modified and Enriched Theory of Language Policy (and Management)“, *Language Policy* 18(3), 323–338.
- Spolsky, B. (2021). *Rethinking Language Policy*. Edinburgh: Edinburgh University Press.
- Stjórnarráð Íslands (2012). *Málstefna Stjórnarráðs Íslands*. Sótt á <https://www.stjornarradid.is/media/forsætisraduneyti-media/media/frettir1/Malstefna-Stjornarradsins-161112.pdf>
- Taylor, C. (1994). „The Politics of Recognition“, í A. Gutmann (ritstj.), *Multiculturalism: Examining the Politics of Recognition* (bls. 25–73). Princeton: Princeton University Press.
- Tollefson, J. og Perez-Milans, M. (2018). „Research and Practice in Language Policy and Planning“, í J. Tollefson og M. Perez-Milans (ritstj.), *Oxford Handbook of Language Policy and Planning* (bls. 1–32). Oxford: Oxford University Press.
- Van Parijs, P. (2011). *Linguistic Justice for Europe & for the World*. Oxford: Oxford University Press.
- Vísir (2022a). „Hlutfall erlends vinnuafns aldrei hærra og þörf á aukningu“. 2. júní. Sótt á <https://www.visir.is/g/20222270888d>

- Vísir (2022b). „Erlent starfsfólk gæti orðið helmingur vinnuaflsins innan nokkurra áratuga“. 3. september. Sótt á <https://www.visir.is/g/20222306462d>
- Weinstock, D. (2014). „The Complex Normative Foundations of Language Policy“. *Language Policy* 13(4), 317–333.
- Wright, S. (2015). „What is language? A response to Philippe van Parijs“, *Critical Review of International Social and Political Philosophy* 18(2), 113–130.
- Wright, S. (2016). *Language Policy and Language Planning: From Nationalism to Globalization* (2. útg.). Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Þorbjörg Þorvaldsdóttir (2022). „Kynhlutleysi í máli: Hvað er það?“, *Tímarit Máls og menningar*. 4. hefti.